

Hvammstanga, 5. september 2018

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 1
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um drög að frumvarpi til laga um Þjóðgarðastofnun og breytingum á lögum um náttúruvernd.

Stjórn Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra (SSNV) gerir eftirfarandi athugasemdir við ofangreint frumvarp sem leggja á fram á Alþingi og er til umsagnar á samráðsgátt Stjórnarráðsins.

Stjórn SSNV leggur ríka áherslu á það að skipulagsvald liggur hjá sveitarfélögum og það vald þarf að endurspeglast með skýrari hætti í frumvarpsdrögunum. Víða í drögunum er kveðið á um samráð við sveitarfélög og landeigendur en hvergi vikið að því með hvaða hætti slíkt samráð eigi að fara fram. Stjórn SSNV telur að eðlilegra væri að ekki verði stofnaður þjóðgarður eða þjóðgarðar stækkaðir nema með samþykki viðkomandi sveitarfélags og landeigenda. Slíkir gjörningar, án samþykkis, hljóta að teljast eignanáam og við það verður ekki unað. Einnig er kveðið á um að sveitarstjórnir verði bundnar af efni stjórnunar- og verndaráætlana við gerð skipulagsáætlana fyrir landsvæði innan þjóðgarðs en stjórn telur að það ákvæði vegi sömuleiðis að skipulagsvaldi sveitarfélaganna.

Það hlýtur að teljast vafasamt að ráðherra geti með eigin ákvörðun, án nokkurrar umræðu löggjafans, ákvarðað breytingar á mörkum þjóðgarða með reglugerð að því er virðist án nokkurs samráðs og án samþykkis viðkomandi sveitarfélags og landeigenda. Eins og skilja má af frumvarpsdrögunum er það því geðþótti ráðherra hverju sinni sem ræður ákvörðun um stækkun þjóðgarðs og þannig enn vegið að skipulagsvaldi sveitarfélags. Skv. þessu verður því hægt að stækka þjóðgarð í óþökk viðkomandi sveitarfélags og landeigenda. Skorað er á ráðherra að tryggja eðlilega málsmeðferð slíkra breytinga og að fullt samráð verði haft við sveitarfélög og landeigendur.

Að síðustu hvetur stjórn SSNV ráðherra til þess að verði frumvarpið að lögum að huga vel að staðsetningu starfa sem myndast við stofnun Þjóðgarðastofnunar. Stjórnin leggur áherslu á að við skipulagningu nýrrar stofnunar verði nýtt það tækifæri sem myndast til að skapa ný störf utan höfuðborgarsvæðisins sem er í takt við nýsamþykktu Byggðaáætlun 2018-2024.

Virðingarfyllst,
fyrir hönd stjórnar SSNV,



Unnur Valborg Hilmarsdóttir,
framkvæmdastjóri